

Hvolsskóli - Námsvísir 7.-10. bekkur.

Myndlist-myndasögur, valgrein.

Tími: 8 vikur og 90-100 mínútur á viku.

Kennari: Ingvar Helgason

Að nota myndir til að segja frá einhverju eða koma boðskap áleiðis er aðferð sem við skoðum hér. Hverjir eru kostir og möguleikar þessarar leiðar? Hvers vegna nota sumir þessa aðferð jafnvel við fræðslu og vísindaboðskap? Hvernig hrífumst við með? Hvað segir myndin okkur umfram texta? Af hverju eru myndasögur ævinlega umdeildar og fá oft neikvæða gagngrýni?

Athugum þetta nánar.

Markmið:

- Nemendur þjálfu gagnrýna hugsun og tjáningu.
- Nemendur lesi í stemmningu, sérleg einkenni eða andrúmsloft sögunnar hverju sinni.
- Nemendur greini boðskap eða tilgang og um leið hugsanleg áhrif.
- Greina veikleika og styrk hverrar sögu.
- Greina og meta persónulegan stíl og aðferðafræði eða myndhverfingu hverju sinni.
- Efla sköpunargáfu og hugmyndaflug með því að skapa sjálfstætt, eitthvað tengt myndasögum, bröndurum eða áróðri á myndrænu formi.

Kennsla:

- Nemendur kynnast eldri og sígildari myndasögum. Meta þær í sameiningu og skiptast á skoðunum. Greina um sögurnar s.s. einkenni, tilgang, tæknilega útfærslu og aðferð hverju sinni.
- Verklegar skylduæfingar í hverjum tíma.
- Síðari hluti hvers tíma er notaður í sjálfstæða sköpun tengda viðfangasefni áfangans.

Námsmat:

Í lok áfangans er gefin kennaraeinkunn og byggir hún á eftirfarandi:

- Frumkvæði/sköpun 25%
- Vinnusemi 25%
- Færni 25%
- Samskipti 25%